

Andlitskrem

Andlitskrem eru samsett úr vatni og fitu. Vatn er oftast grunnefni og fituefni uppleyst í vatninu með hjálp bindiefna.

Í þessari tilraun verða 5 mismunandi andlitskrem gerð og eiginleikar þeirra bornir saman. Hver hópur gerir eina blöndu.

	Blanda 1	Blanda 2	Blanda 3	Blanda 4	Blanda 5
Sterinsýra	5 g	5 g	5 g	5 g	-
Lanolín (ullarfita)	3,5 g	3,5 g	3,5 g	-	3,5 g
Vaselín	5 g	5 g	-	5 g	5 g
Trítanólamín	1 ml	-	1 ml	1 ml	1 ml
Vatn	24 ml	24 ml	24 ml	24 ml	24 ml

Setjið þau fituefni (sterinsýru, lanolín og vaselín) sem þið eigið að nota í (250-400 ml) bikarglas og bræðið í vatnsbaði (setjið vatn í pott). Setjið síðan pottinn í vaskinn og geymið bikarglasið í heita vatninu.

Setjið vatn og trítanólamín (ekki í blöndu 2) í annað bikarglas og sjóðið.

Hellið síðan fituefnunum rólega í vatnslausnina og hrærið svakalega hratt.

Skoðið allar blöndurnar og berið saman. Skráið niðurstöður.

Verkefni

1. Hvaða efni eru nauðsynleg til að halda fitunni í lausn?
2. Hvernig helst fitan uppleyst í vatni?